

# Erindisbréf skipulagsnefndar Þingeyjarsveitar

## I. Stjórnskipuleg staða og skipan

### 1. gr.

Skipulagsnefnd starfar í umboði sveitarstjórnar og fer með þau verkefni sem henni eru falin og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Allar afgreiðslur nefndarinnar eru tillögur til sveitarstjórnar nema nefndinni hafi sérstaklega verið falið fullnaðarvald til ákvörðunartöku í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

### 2. gr.

Í skipulagsnefnd eiga sæti fimm fulltrúar og fimm til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins. Á sama fundi kýs sveitarstjórn formann nefndarinnar.

Skipulagsnefnd kýs varaformann á fyrsta fundi nefndarinnar.

Auk kjörinna fulltrúa eiga sveitarstjóri, skipulagsfulltrúi og byggingafulltrúi rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

## II. Hlutverk nefndarinnar

### 3. gr.

Meginhlutverk nefndarinnar er að fjalla um skipulagsmál í sveitarfélaginu. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins skv. skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mannvirki nr. 160/2010 sem og öðrum gildandi lögum og reglugerðum sem varða störf nefndarinnar hverju sinni,
- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í skipulagsmálum, um stefnumörkun, forgangsroðun og framkvæmd verkefna í málaflokkum á verksviði hennar,
- fjalla um umsóknir og erindi sem tengjast þeim málaflokkum sem henni er falin umsjón með og gerir tillögur um afgreiðslu til sveitarstjórnar,
- að vinna tillögur að stefnumörkun í skipulagsmálum, hefur forgöngu um gerð skipulagsáætlana og breytinga á þeim og fjallar um skipulagstillögur,
- að annast kynningu og auglýsingu aðal- og deiliskipulagstillagna og annast grenndarkynningar vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi og vegna byggingarleyfisumsókna í þegar byggðum hverfum þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag,
- að fjalla um athugasemdir við auglýstar skipulagstillögur og gera tillögu til sveitarstjórnar um endanlega afgreiðslu skipulagstillagna,
- að veita umsagnir um hvort leyfis skyldar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlun og hefur eftirlit með því að framkvæmdaleyfisskildar framkvæmdir séu í samræmi við staðfest aðalskipulag, gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulagsmál,
- að gera tillögu til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsroðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna sem undir nefndina heyra,

- að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir á þeim sviðum sem undir málaflokkinn heyra,
- að veita umsögn um gjaldskrá þeirra málaflokka sem eru á verksviði nefndarinnar,
- að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni.

### III. Starfshættir

#### 4. gr.

Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

#### 5. gr.

Í störfum sínum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

#### 6. gr.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem sveitarstjórn samþykkir. Formaður sér um að boða nefndina til fundar í samráði við starfsmann nefndarinnar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti. Aukafundi skal halda ef formaður telur þörf á eða ef a.m.k. þrír fulltrúar óska þess.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum nefndarinnar í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Formaður skipulagsnefndar stýrir fundum nefndarinnar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Skipulagsnefnd skal halda gerðarbók sem getur verið á rafrænu formi og skal starfsmaður nefndarinnar rita fundargerð. Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður nefndarinnar bera ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður strax að fundi loknum til sveitarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta sveitarstjórnarfund til kynningar og birt á vefsíðu sveitarfélagsins.

Ef notast er við rafræna undirskrift skulu allir nefndarmenn undirrita fundargerð með slíkum hætti svo einungis eitt afrit af fundargerðinni verði staðfest. Fylgja þarf skilyrðum laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001 við slíkar undirritanir.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

### IV. Réttindi og skyldur

#### 7. gr.

Fjallað er um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa í VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

8. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli því. Nefndarmaður tilkynnir forföll til formanns nefndar og boðar sjálfur varamann sinn.

Skipulagsnefnd er aðeins starfhæf á fundum og skulu nefndarmenn einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

9. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum nefndarinnar.

10. gr.

Ef þörf krefur skal nefndarmaður víkja af fundi og kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

11. gr.

Um þóknun fyrir setu í skipulagsnefnd fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur um starfskjör kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit.

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

## V. Starfsfólk sveitarfélagsins

12. gr.

Skipulagsfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Skipulagsfulltrúi tilnefnir staðgengil sinn. Byggingarfulltrúi og sveitarstjóri hafa seturétt, málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Skipulagsfulltrúi annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, ásamt starfsmanni nefndarinnar boða eða láta boða fundi í nefndinni með tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá.

13. gr.

Formaður og aðrir fulltrúar skipulagsnefndar skulu snúa sér til starfsmanns nefndarinnar eða sveitarstjóra eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar.

Skipulagsnefnd hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

## **VI. Gildistaka**

### 14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

*Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 12.01.2023.*